

Miðvikudaginn 18. febr. 1925.

Nr. 27/1924. **Pjetur A. Ólafsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

**skiftaráðandanum í Barðastrand-
arsýslu og Sigurði Briem aðal-
póstmeistara f. h. póststjórnar-
innar** (Björn P. Kalman).

Um gildi veðskuldabryjfs, er skrifað var innan 8 vikna fyrir gjaldþrotaskifti veðsala.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 12. apríl 1924: Veðskuldabryf fyrverandi póstafréiðslu-
manns Guðm. Þorsteinssonar, Geirseyri, dagsett 31. desbr. 1921 með 1sta veðrjetti í húseign hans Geirseyri, fyrir 5223 kr. 05 auru skuld til verslunar P. A. Ólafssonar, s. st., skal ógilt að því er þrotabúið snertir, og verður ekki tekið til greina, sem forgangsskuld.

Dómur hæstarjettar.

Það er in confesso í máli þessu, að veðskuldabryf það, sem hjer um ræðir og ber dagsetninguna 31. des. 1921, hafi verið undirskrifað af veðsala Guðmundi Þorsteinssyni um 13.—14. mars 1922 og að bú Guðmundar hafi verið tekið til gjaldþrotaskifta undir lok aprilmánaðar samæris. Ætti bryfið, sem veita átti áfrýjanda veð í húsi Guðmundar fyrir skuld hans um áramótin, eftir því að vera undirskrifað af Guðmundi um 7 vikum fyrir byrjun gjaldþrotaskiftanna. En samkv. 23. gr. laga nr. 7/1894 eru veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefir gengist undir á næstu 8 vikum fyrir byrjun gjaldþrotaskifta ógildar gagnvart búinu, ef skuldin, sem veðrjetturinn á að tryggja, er ekki stofnuð samtímis veðinu.

Áfrýjandi heldur því fram, að Guðmundur hafi lofað sjer fyrir nýár 1922 að veðsetja sjer húsið, hann hafi með því loforði undirgengist veðskuld-bindinguna, og taki nefnd riftingarregla gjaldþrotalaganna því ekki til brjefsins.

Stefndi hefir hins vegar fyrst og fremst mótmælt því, að Guðmundur hafi gefið áfrýjanda nokkurt ákveðið loforð þess efnis, og heldur því auk þess fram, að, þar sem hjer sje að ræða um rjett, sem verði að þinglesa til þess að hann geti notið sin að fullu, þá verði heimild slíks rjettar að hafa farið fram brjeflega af hendi rjettsala fyrir byrjun riftingarfrestsins, en það hafi ekki átt sjer stað hjer, og því sje veðbrjefið ógilt gagnvart búinu.

Rjetturinn verður að vera stefnda samdóma um að eðlilegast sje að skilja framantalin auðkend orð 23. gr. gjaldþrotalaganna á þá leið, að veðsali verði að hafa gengið frá veðsetningunni að öllu leyti af sinni hálfu, þ. e. hafa undirskrifað veðbrjefið, fyrir byrjun riftingarfrestsins, eigi veðrjetturinn að haldast gagnvart þrotabúi veðsala, enda er þetta sagt berum orðum í 8. gr. laga nr. 18/1887 um setningu sjálfsvörsluveðs í lausafje, og ekki sjáanleg nein ástæða til þess að önnur regla gildi að þessu leyti um fasteignarveð en lausafjárveð.

Verður því að fallast á niðurstöðu skiftarjettarúrskurðarins, enda hefir áfrýjanda ekki tekist að sanna það gegn mótmælum stefnda, að Guðmundur hafi lofað áfrýjanda fyrir byrjun riftingarfrestsins að veðsetja honum húsið.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða hinni stefndu póststjórn, samkvæmt kröfu hennar, málskostnað í hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 krónur.

Það athugast, að skiftarjettargjörðirnar voru all-ófullkomnar, en úr því hefir áfrýjandi bætt viðunanlega með framlagningu skjala, sem í skiftagjörðunum hefðu átt að vera.

Því dæmist rjett vera:

Veðskuldbinding sú, áfrýjanda Pjetri A. Ólafssyni til handa, er getur í hjerumræddu skulda-brjefi Guðmundar Þorsteinssonar, er ógild að því er þrotabú nefnds Guðmundar snertir.

Áfrýjandi greiði stefnda, Sigurði Briem aðal-póstmeistara f. h. póststjórnarinnar, 300 kr. málskostnað í hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda úrskurðar hljóða svo:

Með brjefi dagsettu 31. des. 1921 veðsetur fyrverandi póstaðgreiðslumaður Guðmundur Þorsteinsson, Geirseeyri, verslun P. A. Ólafssonar sama staðar húseign sína á Geirseeyri fyrir 5223,05 krónu skuld, er hann var í við tjeða verslun. Í apríl-mánuði næst eftir, var bú nefnds póstaðgreiðslumanns tekið til gjaldþrotaskifta, eftir kröfu póststjórnar Íslands, og kom þá í ljós hjá nefndum póstaðgreiðslumanni sjóðþurð, er nam milli 20—30 þúsund krónur, og upplýstist þá undir rannsókn á hendur skuldaranum, að dagsetningin á brjefi hans, til verslunar P. A. Ólafssonar, var ekki hin rjetta 31. des. 1921, heldur var brjefið dagsett í marsmánuði áður en gjaldþrotaskiftin hófast í apríl, og þannig um mánuð liðið frá undirskrift. Þessari skýrslu um dagsetninguna, hefir umboðsmaður verslunar P. A. Ólafssonar Geirseeyri ekki getað hnekt, og jafnvel kannast við, að rjett muni hermt, að brjefið sje fyrst undirskrifað í mars, dagsetningin í mars er óviss, en veltur á engu í þessu efni. Meðferð búsin heyrir undir fyrirmæli 8. kapitula skiftalaganna frá 12. apríl 1878, þar sem búid á engan hátt getur svarað til, nema brots úr þeim skuldum er á því hvíla, og krafa póststjórnarinnar heyrir undir

83. gr. a. nefndra laga. Hins vegar bæri að telja skuld búans til verslunar P. A. Ólafssonar Geirseeyri, fallandi undir fyrirmæli 87. gr. sömu laga, ef veðsetningin ekki hefði mætt andmælum, og verið vjefengd, sem lögum gagnstæð, það ber því að rannsaka, að hve miklu leyti þau andmæli hafa við rök að styðjast, og þar sem um gjaldþrot er að ræða, verður í þessu efni, að leggja til grundvallar, fyrirmæli þeirra laga, að svo miklu leyti, sem við verður komið. 23. gr. laga 13. apríl 1894 mælir svo fyrir: „Veðskuldbindingar þær, er skuldunautur hefir gengist undir á tíma-bili því, er ræðir um í 22. gr. til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru til orðnar á sama tíma eru ógildar, að því er húið snertir“. Með vottorði póstafræiðslumannsins, framlögðu skjali nr. 1, er viðurkennt að skuld sú, sem veðsett er útaf, hefir öll verið mynduð fyrir áramót 1921, svo ekki er hjer að ræða um skuld, er orðið hefir til á sama tíma og veðskuldin, og þar sem 24. gr. sömu laga talar um, að sá er skifti við skuldunaut, hrindi grun þeim, sem álíta má, að á honum hvili um það, að honum hafi verið kunnugt um þrot skuldunauts, getur ekki orðið fallist á, að einhliða yfirlýsing skuldunauts í þessu efni, sje nægileg, heldur sje hjer átt við lögfulla sönnun, eða atvik, sem gjöra þetta sennilegt, en ekkert slíkt liggur hjer fyrir. Eftir þessum úrslitum, og viðurkenningu um raunverulega dagsetning skuldabryjfs fyrverandi póstafræiðslumanns Guðm. Þorsteinssonar til verslunar P. A. Ólafssonar Geirseeyri fyrir 5223 kr. 05 aura skuld, verður að fallast á, að gagnvart þrotabúinu hafi það mist gildi sitt, og verði því ekki tekið til greina við úthlutun úr því, en póststjórninni greidd sú upphæð, samkvæmt ákvæðum 83. gr. skiftalaganna fyrir því.

=====
 Miðvikudaginn 25. febr. 1925.

Nr. 17/1924.

Sveinn Árnason (B. P. Kalman)
 gegn

Guðfinni Jónssyni (Enginn).

Útaf greiðslu kostnaðar við viðgerð á mótorbát.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar
 9. ág. 1923: Stefnda, Sveini Árnasyni, Seyðisfirði, ber að greiða